

TILKYNNING

frá Stangaveiðifélag Akraness
um sölu og úthlutun veiðileyfa 1999.

Aðalsöludagur veiðileyfa verður **laugardaginn 20.febrúar** n.k. og fer fram að **Suðurgötu 108**. Þeir sem ætla að fá veiðileyfi, draga númer á tímabilinu frá kl. **11 - 12** og verða leyfin afgreidd eftir þeim númerum kl. **14.00** sama dag. **Mánudaginn 22.febrúar kl. 20.00-21.30** verða óseld veiðileyfi seld félagsmönnum á skrifstofu félagsins að **Suðurgötu 108**. Eftir það verða þau einnig boðin utanfélagsmönnum. Félagar þurfa að velja sér veiðifélaga og ber að nafngreina þá og veiðiár áður en númer er dregið og dregur einn fyrir sig og sína veiðifélaga. Fjarstöddum félögum er heimilt að gefa ördum leyfi til að draga fyrir sig. Skylt er að greiða árgjald áður en dregið er.

Ákveðið hefur verið að gefa félagsmönnum kost á gjaldfresti á 50% keyþra veiðileyfa og einnig verður boðið upp á Vísa - raðgreiðslur. Ef veiðileyfi verða ekki leyst út fyrir **15.júní** er stjórninni heimilt að ráðstafa þeim til annarra. Veiðileyfin verða seld eftir sömu reglu og áður, þannig að menn hafa frjálst val, í þeirri röð sem afgreiðslunúmer segir til um, séu þeir mættir er sala hefst og kemur að þeirra númerum.

Í Fáskrúð eru 2 stangir á dag en 3 í Flekkudalsá og 4 í Laxá. Í Laxá er seld ein og ein stöng út á eitt nafn. Þar hefst veiði kl. **07.00** og líkur kl. **21.00**. Í Fáskrúð og Flekkudalsá eru seldir 2 dagar saman út á 2 og 3 nöfn. Þar hefst veiði kl. **16.00 byrjunardag** (kl.15.00 eftir 15.ágúst) og lýkur kl. **13.00 heimfaradag**. Við eigum möguleika á að útvega veiðileyfi frá SVFR t.d. í Gljúfurár, Sogið og fleiri staði og munum við reyna að láta liggja frammi lista á söludegi um það hvað þar er í boði. Silungsveiði í Hólmavatni og Lambá á Hvítársíðu verða seld hjá Sjóvá-Almennum, sími 431-2800 og á bænum Fljótstungu Hvítársíðu er kemur fram í júlí, sími 435-1198.

Ef ágreiningur kemur upp um ofanskráðar reglur, áskilur stjórnin sér rétt til að skera þar úr í hverju tilfalli. Eins og undanfarin ár mun **Ólafur G. Ólafsson hjá Sjóvá - Almennum**, sími **431-2800** annast sölu veiðileyfa eftir áðurnefnda söludaga.

MUNIÐ AÐ SÖLUSTADUR ER Á SUÐURGÖTU, 108 EFRI HÆÐ.

Akranesi 7.febrúar 1999.

VERÐSKRÁ 1999

FÁSKRÚÐ

JÚNÍ	Verð pr stöng á dag
24 - 26	12.000
26 - 28	11.000
28 - 30	13.000

JÚLÍ

06 - 08	16.500
08 - 10	17.000
10 - 12	17.500
18 - 20	18.500
20 - 22	18.500
22 - 24	18.500
30/07 - 01/08	19.800

ÁGÚST

01 - 03	19.500
03 - 05	19.500
11 - 13	19.800
13 - 15	19.500
15 - 17	19.500
23 - 25	19.000
25 - 27	19.500
27 - 29	19.800

SEPT.

04 - 06	16.000
06 - 08	15.500
08 - 10	15.000
16 - 17	12.000

LAXA

JÚNÍ	Verð pr stöng á dag
15	16.500
16	16.500
17	16.500

FLEKKUDALSÁ

JÚLÍ	Verð pr. stöng á dag
------	-------------------------

03 - 05	17.800
05 - 07	17.800

SEPT.

01 - 03	13.800
---------	--------

Silungsveiði í Hólmavatni og Lambá

Í Hólmavatni eru 6 stangir á dag og tvær í Lambá. Verð virka daga er kr. 1.700 á dag en kr. 2.000 um helgar. Ef allar stangirnar eru keyptar saman er um umtalsverða lækkun að ræða.